## Ályktun um mikilvægi fjölbreyttra aðgerða innan 5,3% kerfisins

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026, leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda fjölbreyttum aðgerðum innan 5,3% kerfisins og tryggja að þær nýtist áfram til eflingar atvinnulífs og byggðafestu í sjávarbyggðum landsins. Fjórðungsþingið lýsir yfir áhyggjum yfir fyrirhuguðum breytingum innan kerfisins og mismunandi áhrifa þeirra á einstök svæði innan Vestfjarða.

Aðgerðir innan 5,3% kerfisins hafa hlutfallslega mikið vægi á Vestfjörðum og gegna lykilhlutverki í að viðhalda atvinnustarfsemi, styðja við vinnslu sjávarafurða og tryggja störf í fámennum sjávarbyggðum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að standa vörð um fjölbreytni 5,3% kerfisins og tryggja að breytingar á ráðstöfun aflaheimilda innan þess verði ekki til þess að veikja atvinnugrundvöll og byggðafestu á Vestfjörðum.

### Greinargerð

5,3% kerfið hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að styðja við sjávarbyggðir sem eiga undir högg að sækja vegna samþjöppunar aflaheimilda og breyttra atvinnuhátta í sjávarútvegi.

Sérstaklega ber að hafa í huga að vægi þessara aðgerða er hlutfallslega mun meira í atvinnulífi Vestfjarða en víða annars staðar á landinu. Skerðing þeirra gæti því haft veruleg áhrif á rekstrargrundvöll útgerða og fiskvinnslufyrirtækja og þar með búsetuskilyrði í minni sjávarbyggðum.

Mikilvægt er að stjórnvöld horfi til heildaráhrifa ráðstöfunar aflaheimilda á atvinnu, verðmætasköpun og byggðafestu þegar teknar eru ákvarðanir um framtíð 5,3% kerfisins.